

**119. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
22. janúar 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2001097 - Kynning á barnavernd vegna ársins 2019

Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi í barnavernd kynni tölur og stöðuna í barnavernd vegna ársins 2019 og verður með samburð við síðustu ár.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Ingibjörgu Gunnarsdóttur yfirfélagsráðgjafa fyrir greinargóða kynningu á stöðu barnaverndar.

2. 1910190 - Tillögur að leiguverði í félagslegu leiguhúsnæði Akraneskaupstaðar

Á fundi ráðsins þann 30. október 2019 kom Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri Akraneskaupstaðar inn og kynnti tillögur á leiguverði fyrir félagslegar leiguíbúðir Akraneskaupstaðar. Nú liggur fyrir frekari greining til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Þorgeiri Hafsteini Jónssyni fjármálastjóra fyrir ýtarlega greinargerð og kynningu á henni.

Velferðar- og mannréttindaráð mælir með að fjármálastjóri kynni greinagerðina fyrir bæjarstjórn.

3. 1610064 - Erindisbréf og reglur - endurskoðun

Samkvæmt 28. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, staðfestir bæjarstjórn erindisbréf fyrir ráð, stjórnir og nefndir. Fyrir liggja erindisbréf Velferðar- og mannréttindaráðs, Velferðar- og mannréttindasviðs og sviðsstjóra Velferðar- og mannréttindasviðs.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi erindisbréf og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2001177 - Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar

Reglur Akraneskaupstaðar um fjárhagsaðstoð. Lagt er til að grunnkvarði fjárhagsaðstoðar hækki um 2,5% frá 1. janúar 2020 í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir hjá Akraneskaupstað.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar verði hækkuð um 2,5% frá og með 1. janúar 2020 í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir Akraneskaupstaðar. Málinu er vísað til staðfestingar í bæjarráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Anna Þóra Þorgilsdóttir
Hrefna Rún Ákad.
Sveinborg Kristjánsdóttir